

## REGLUGERÐ

### um (7.) breytingu á reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.

1. gr.

4. ml. 1. gr. orðist svo:

Skilagjald skal nema 14,02 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Umsýsluþóknun skal leggja til viðbótar skilagjaldi á hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 5,00 kr. á umbúðir úr stáli, 4,30 kr. á umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 3,10 kr. á umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 2,55 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni og 1,01 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur og öðlast gildi 1. janúar 2014.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 20. desember 2013.*

F. h. r.  
**Stefán Thors.**

\_\_\_\_\_  
*Björgvin Valdimarsson.*